

Skorradalshreppur  
b/t Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir  
Grund  
311 Borgarnes

Reykjavík, 6. september 2019  
UST201908-220/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Dagverðarnes - Skorradalshreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps er barst 26. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð á svæði 5, lóðir nr. 58-61 á Dagvarðarnesi í Skorradalshreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til fjögurra frístundalóða þar sem heimilt er að byggja að hámarki 250 m<sup>2</sup> á hverri lóð.

#### **Birki**

Umhverfisstofnun telur að birkiskókurinn sem tillagan nær til falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. (sjá vefsíð Á Skógræktarinnar á [www.skogur.is](http://www.skogur.is))

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd birkiskógar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun birkiskóga sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að birkiskógi verði ekki raskað.

Stofnunin bendir á að skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumínjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum

sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur